



VÍSBENDING

VIÐSKIPTI · EFNAHAGSMÁL · NÝSKÖPUN



MYND: AFP

ALPJÓÐAMÁL 26. TBL. 2026

Viðskiptastríðin: Kína, Trump og valdabrölt

**Hallgrímur Oddsson**hagfræðingur og stofnandi
hugveitunnar Evrópustraumar

Framleiðslu- og aðfangakeðjur heimsins hafa aldrei verið jafn samþættar og í dag. Framleiðsla á raftækjum, bílum, iðnaðar- og ótal öðrum vörum teygir sig yfir heimsálfur og ekkert ríki er fyllilega sjálfbjarga þegar kemur að mikilvægum aðföngum. En á sama tíma og framleiðslan er samofin á milli landa þá rísa tollmúrar, verndaraðgerðum til stuðnings innlendum iðnaði fjölgar og viðskiptahömlum er beitt í víðum tilgangi. Kraftarnir sem knýja áfram viðskiptastríð eru fáir en öflugir og fátt bendir til þess að stöðugleiki sé í sjónmáli.

Kínversku skellirnir

Þær áhyggjur sem leiðtogar bæði í Bandaríkjunum og Evrópu víðra um ójafnvægi í alþjóðaviðskiptum má öðru fremur rekja til sögulegs framleiðsluvaxtar Kína á 21. öldinni. Frá aðild Kína að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) árið 2001 hefur útflutningur aukist á áður óséðum hraða, fyrst að magni en í dag einnig að gæðum.

Fyrsti Kína-skellurinn (e. *China shock 1.0*) er tímabilið kallað sem hófst upp úr aldamótum. Útvistun (e. *outsourcing*) vestrænna fyrirtækja á „einfaldari“ fjöldaframleiðslu að hluta eða öllu leyti til Asíuríkja, t.d. á raftækjum, húsgögnum, fatnaði og bílpörtum, var þá þegar hafin en opnun Kína jók verulega á þróunina. Iðnstörf töpuðust á heimamörkuðum en launa- og framleiðslu-

kostnaður framleiðenda lækkaði. Tvíbent áhrif, þ.e. neikvæð fyrir nærsamfélög en jákvæð fyrir neytendur og fyrirtæki, voru m.a. rökstudd með vísan til alþjóðavæðingar og hagsmuna heildarinnar. Störf á heimamörkuðum færðust þó ekki svo auðveldlega frá framleiðslu í útflutnings- eða þjónustudrífna atvinnugeira.

Með útvistun framleiðslunnar færðust ekki einungis störf heldur einnig kunnátta. Kína-skellurinn 2.0 lýsir nýrri stöðu Kína frá um 2021 til dagsins í dag, sem vaxandi og beinum samkeppnisaðila. Framleiðsla í Kína er ekki lengur hluti af viðskiptamódelum vestrænna fyrirtækja heldur eiga kínversk fyrirtæki nú í beinni samkeppni við önnur fyrirtæki á alþjóðavísu. Með ívilnunum og niðurgreiðslum hafa kínversk stjórnvöld byggt upp fjölda útflutnings-


greina, allt frá framleiðslu eldhúsáhalda og heimilistækja til hátæknilausna, stórtækra vinnuvéla, bíla, battería og sólarcella. Aldrei áður hefur ríki skilað viðskiptaafgangi yfir einni billjón dollara, eins og Kína gerði árið 2025.

Bandaríska stefnubreytingin

Skoðun Trumps Bandaríkjaforseta á viðskiptahalla Bandaríkjanna gagnvart öðrum ríkjum er öllum ljós, sem og dálæti hans á að beita tollum til að ná fram markmiðum sínum, bæði efnahagslegum og pólitískum. Í öllum sínum kosningabaráttum hefur hann talað með einföldum (og umdeildum) en skýrum hætti um nauðsyn þess að draga úr viðskiptahallanum. Að

Framhald á næstu síðu ►

Vöruútflutningur, vöruinnflutningur og viðskiptajöfnuður Kína 1995-2025



hans mati sýnir ójafnvægið hvernig aðrar þjóðir notfæra sér Bandaríkin. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur Trump ítrekað boðað hærri tolla gegn viðskiptalöndum. Margar ákvarðanir hans hafa hins vegar ekki orðið að veruleika eða þær aðeins verið í gildi tímabundið. Í sumum tilvikum, m.a. hinum veigamiklu aðgerðum kenndum við Frelsisdaginn 2. apríl 2025 (e. *Liberation day*), voru tollarnir síðar meir dæmdir ólögmætir. Í öðrum tilvikum hafa samningar náðst eða Trump gerður afturreka með mótvægisáðgerðum. Bandaríkin og ESB náðu þannig samkomulagi sl. sumar um viðskiptakjör þegar ESB stóð frammi fyrir 30% tollum. Kína mætti enn hærri tollum Bandaríkjanna með því að svara í sömu mynt og hótadi einnig að takmarka aðgengi bandarískra fyrirtækja að fágætum málum. Trump bakkaði.

Þótt viðskiptastefna Bandaríkjanna hafi ekki alltaf gengið eftir í framkvæmd þá eru markmiðin skýr. Fyrr í sumar tóku í gildi 10-12,5% viðbótartollar á innflutning frá 60 helstu viðskiptalöndum Bandaríkjanna, m.a. ríkjum ESB, Kína, Noregi og Bretlandi. Ástæðan, að sögn bandarískra stjórnvalda, eru ófullnægjandi reglur landanna um nauðungarvinnu. Kanada, eitt stærsta viðskiptaríki landsins og næsti nágranni, stendur þegar þetta er skrifað frammi fyrir 50% tollum á hluta útflutningsafurða. Kanadísk stjórnvöld sættu sig ekki við kröfur Bandaríkjastjórnar og slitu viðræðum. Málið er enn óútljád en ef fyrri viðskiptaorrustur Trumps hafa forspárgildi þá mun deilan harðna áður en lausn finnst.

ESB bregst við

Evrópusambandið er þriðja stóra blokk alþjóðaviðskipta samtímans, við hlið Bandaríkjanna og Kína. Stór og sterkefnaður evrópskur neytendamarkaður er helsta aðdráttarafli ríkja utan sambandsins til að eiga þar viðskipti, rétt eins og í Bandaríkjunum. En á sama tíma og ESB hefur liðkað fyrir viðskiptum með nýjum fríverslunarsamningum, m.a. við Mercosur-ríkin í Suður Ameríku, Ástralíu og Indland¹, þá reyna Evrópuríkin að stemma stigu við kínverskum innflutningi. Útvistun sem fyrr á öldinni nýttist þýskum bílaframleiðendum og öðrum evrópskum iðnaði er í dag orðin að beinni samkeppni við atvinnugreinar sem Evrópa vill ekki missa.

Leiðtogar ESB hafa farið diplómatisкаи leiðir en Trump í samskiptum sínum við Kína. Með vísan til alþjóðlegra samninga og viðskiptareglna hefur ESB gripið til innflutningshamla af ýmsu tagi. Kínverskir raðbílur bera þannig 8-35% viðbótartolla, álagðir eftir því hversu mikinn ríkisstöðing framleiðendurnir hafa notið frá kínverskum stjórnvöldum. Alls staðar í heiminum hafa útflutningsfyrirtæki notið ýmissa ívilnana en kínversk stjórnvöld ganga lengra í stuðningi sínum. Í júlí 2026 var einnig lagt á sérstakt gjald, jafnvirði um 500 króna, á minni póstsendingar til ESB frá þriðju ríkjum. Með gjaldinu er sérstaklega verið að bregðast við mikilli fjölgun sendinga frá kínverskum netverslunum. Rannsóknum framkvæmdastjórnar ESB á ósanngjörnum eða ólögmætum viðskiptaháttum Kínverja fer fjölgandi og viðskiptahömlum einnig. Á vettvangi ESB er síðan unnið að innleiðingu reglna sem hygla framleiðslu aðildarríkja umfram önnur ríki, m.a. í opinberum útboðum.

Hvað með öll hin ríkin?

Bandaríkin vilja draga úr viðskiptahallanum og þeirri „misnotkun“ sem Trump telur hann endurspegla. ESB vill vernda eigin iðnað og Kína hyggst áfram byggja upp framleiðslugetu samhliða auknu forræði aðfangakeðja. Öll vilja ríkin draga úr áhrifum hinna (e. *reduce dependencies*), tryggja sjálfsákvörðunarrétt sinn og efla öryggi í víðasta skilningi alþjóðasamskipta. Samtals standa ESB, Kína og Bandaríkin undir um 45% af alþjóðaviðskiptum.²

Sýnileg markmið þessara viðskiptavelda stangast víða á og leiða til þess sem kallað er *viðskiptastríð* (e. *trade wars*). Styrkleikar og veikleikar ríkjanna koma upp á yfirborðið. Kína hefur byggt upp yfirburðastöðu í mikilvægum iðnaði og ræður yfir stórum hluta þeirrar jarðmálmavinnslu sem framleiðsla framtíðarinnar þarfnast. En uppgangur Kína byggir á útflutningi fremur en innlendri neyslu og Kína á því mikið undir áframhaldandi aðgengi að ríkum mörkuðum. Bandaríkin, völdugasta ríki heims, eru í stöðu til að fá mörgum sínum kröfum framgengt en milliríkja-deilur Trumps hafa þó sýnt að valdið er ekki algjört og kostnaðurinn hækkar þegar mótaðilinn beitir sömu meðulum. Evrópskur iðnaður á undir högg að sækja í samkeppni við Kína og ódýrari framleiðslu en ESB er í aðstöðu til að grípa til verndaraðgerða og beita fyrir sig dýrmætum markaðsaðgangi í samningaviðræðum.

Lítið þarf til að virkja dómínóáhrif alþjóðaviðskipta. Ef einn markaður lokast þá er það hagur framleiðsluríkis að leita á aðra markaði. Það veldur innflutningsþrýstingi og ein tollahækkun getur þannig kallað fram aðra, jafnvel hjá ríkjum sem koma upphaflegu deilunni ekkert við. Hvort sem er vegna þessara áhrifa eða annarra þá sýna örar breytingar í viðskiptaumhverfinu sl. ár hvernig tollastríð getur auðveldlega stigmagnast.

Teikn eru á lofti um enn harðnandi átök á alþjóðlega viðskiptasviðinu. Hagsmunamat viðskiptaveldanna þriggja reynir á fríverslunarsamninga og viðskiptasambönd. Regluverk WTO, sem er ætlað að tryggja sanngjörn viðskipti, stendur veikt og má sín lítils. Öll ríki geta formlega svarað tollum eða hvers kyns viðskiptahömlum með mótaðgerðum. En þegar styrkurinn felst í stærð en ekki traustu kerfi þá geta meðalstór og minni ríki síður beitt sér gegn hinum stærri. Setja má flest ríki heimsins í flokk *minni ríkja* og máttur þeirra fer dvínandi eftir stærð og efnahagsumsvifum. Áhætta fyrir innlenda framleiðslu og efnahagsleg áhrif viðskiptastríða verða hlutfallslega meiri eftir því sem ríkin eru minni og framleiðsla þeirra fábreyttari.

Fáir, ef einhverjir, standa uppi sem sigurvegarar í viðskiptastríði. Það verða allavega ekki hinir minni. Ef reglur eru virtar að vettugi þá þarf að styrkja þau viðskiptasambönd sem eftir eru og byggja upp ný. ☞

TILVÍSANIR

- Fríverslunarsamningur milli ESB og Mercosur-ríkjanna tók gildi til bráðabirgða í maí 2026. Samningar við Indland og Ástralíu biða fullgildingar eftir að samningar náðust fyrr á árinu 2026.
- Sameinuðu þjóðirnar (2025). *Key Statistics and Trends in international trade 2025*. Útflutningur vöru og þjónustu ESB, Kína og Bandaríkjanna nam um 43,6% af alþjóðaviðskiptum árið 2025 og innflutningur þeirra var 44,7%



ALÞJÓÐAMÁL 27. TBL. 2025

Umpólun alþjóðastjórn mála: Xi, Pútín og Trump

 **Erlingur Erlingsson**
hernaðarsagnfræðingur

Um þessar mundir er víða fjallað um hvernig heimsmálin eru að umpól-ast, bæði hvað varðar öryggismál og efnahagslegt öryggi. Við blasir að þetta stafar fyrst og fremst af umpólun utanríkisstefnu Bandaríkjanna frá því að Donald Trump tók við embætti öðru sinni, en ekki síður vegna þess að þrjú ár eru síðan Rússland hóf hernað sinn gegn Úkraínu og öllu regluverki alþjóðakerfisins – hernað sem rekinn er með dyggum stuðningi kínverskra stjórnvalda.

Það sem kallað hefur verið „ótakmarkað samstarf“ Kína og Rússlands er fyrst og fremst viðbragð við einpóla stöðu alþjóðamála frá endalokum Sovétríkjanna, þar sem Bandaríkin áttu enga raunverulega keppinauta. Sú staða, bæði með tilliti til efnahagslegra og hernaðarlegra yfirburða, var ópolandi og mikið áhyggjuefni stjórnvalda í Beijing og Moskvu, ekki síst eftir að í ljós kom hversu miklir þeir hernaðarlegu yfirburðir voru í Íraksstríðinu 2003. Frá árinu 2022, þegar þetta „takmarkalausa samstarf“ var fyrst nefnt, hafa samskipti ríkjanna orðið sífellt nánari, viðskipti farið vaxandi og útilokað er að Rússar gætu staðið í landvinningastríði sínu án blessunar og stuðnings Kínverja.



MYND: AFP

fylgdu, virtust miða stuðning sinn við að koma í veg fyrir ósigur frekar en að styðja Úkraínu til sigurs. Undirritaður hefur þannig áreiðanlegar heimildir fyrir því að á kynningu fyrir evrópska diplómata í Þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna í forsetatíð Joe Biden hafi þeim verið sagt að ekki mætti styrkja Úkraínu um of hernaðarlega því að það kynni að valda óstöðugleika á svæðinu eftir stríðslok.

Endurkoma Trump

Ef einhverra efasemda gætti um stuðning Bandaríkjanna í forsetatíð Joe Biden, þá urðu þær að fullvissu með valdatöku Donald Trump í annað sinn fyrr á þessu ári. Áhugaleysi Trump á að verja Evrópu og fullkominn skortur á skilningi á því hvernig stöðugleiki í Evrópu er lykilhagsmunamál fyrir Bandaríkin hefur sett Atlantsahafssamstarfið í algert uppnám. Trump hefur ítrekað tekið undir helstu sjónarmið Rússlandsforseta varðandi styrjöldina og sér hann sem framtíðar bandamann frekar en óvinveitt ríki sem telur sig nú þegar í stríði við NATO ríki og rekur umfangsmikla skemmdarverkaherferð í Evrópu.

Hugmyndir Vestanhafs um að mögulegt sé að kljúfa Rússaland frá Kína, í anda þess sem Nixon og Kissinger gerðu á áttunda áratug síðustu aldar, afhjúpar síðan hversu grunn og einfeldingsleg strategísk hugsun Trump stjórnarinnar er þegar kemur að alþjóðapolitik. Í stuttu máli þá nýtti Nixon sér erfitt samband Kína og Sovétríkjanna, sem höfðu næstum háð styrjöld þremur árum áður, til þess að ala á spennu og ósætti. Engin slík spenna er nú milli Kína og Rússlands, enda eru Xi og Pútín eins og áður sagði einhuga í viðleitni sinni að skapa mótvægi gegn valdi Bandaríkjanna og Vesturlanda og hafa byggt upp umfangsmikið samstarf sem er báðum aðilum í hag, þó svo að Kína sé vitanlega sterki aðilinn í þessu ótakmarkaða sambandi.

Á sama tíma hafa Bandaríki Trump kastað frá sér samstarfi við bandamenn í Evrópu og grafið undan trausti bandamanna í Asíu, sem hvoru tveggja veikir stöðu þeirra og getu til þess að mynda samstöðu gegn Kína sem heldur áfram að efla hernaðargetu sína. Nú er það svo að innan Bandaríkjahers er talað um að Kína standi Bandaríkjunum nær jafnfætis á hernaðarsviðinu, þó að það sé í raun of snemmt að taka svo djúpt í árinni. Þó er ekki um að villast að þrátt fyrir mikla efna-hagslega erfiðleika hefur Kína mjög aukna hernaðargetu í eigin heimshluta og hefur jafnframt aukið áhrif sín innan alþjóðakerfisins á skapandi hátt með BRICS og með því að fylla í tómarúm sem Trump skilur eftir með því að draga Bandaríkin úr starfi Sameinuðu þjóðanna.

Breytt heimsmynd

Allt þetta þýðir að í breyttri heimsmynd er ekki lengur hægt að treysta á að Bandaríkin sinni því öryggishlutverki sem hefur frá stríðslokum tryggt eðlilegt flæði alþjóðaviðskipta á grundvelli gildandi leikreglna og með bandaríkjadal sem grunnstöð. Bandaríkin hafa hagnast griðarlega á því hlutverki, en Donald Trump kemur ekki auga á þann ávinning með einfeltningslegri sýn sinni á viðskipti og bandalög. Við tekur það sem Adam Posen kallar nýlega í *Foreign Affairs* „Gangster’s Paradise“ þar sem alþjóðaviðskipti og samskipti ein-kennast af ööryggi og ófyrirsjáanleika sem bitnar helst á þeim sem stöðu Bandaríkjunum næst.

Evrópa horfist í augu við þessa breyttu heimsmynd og þarf því í fyrsta sinn frá stríðslokum að tryggja eigið öryggi og viðskiptahagsmunni án samstarfs við Bandaríkin. Það má þegar greina jákvæð merki um aukna samstöðu, sérstaklega hvað varðar stuðning við Úkraínu, en þar sem annars staðar virðist Evrópuleiðtogum erfitt að venja sig við þá staðreynd að Bandaríkin koma ekki til bjargar, ekki frekar en titilpersónan í leikriti Samuel Beckett. Engu að síður stendur Evrópa ein eftir, ásamt fáeinum öðrum ríkjum, sem síðasta vígi vestrænna gilda á borð við mannréttindi og lýðræði, virðingu fyrir leikreglum alþjóðakerfisins og alþjóðalögum. ☞

Höfundur er gestafræðimaður við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Kína og Rússlandi hefur þegar tekist að skapa raunverulegt mótvægi við efna-hagslegt vald Vesturlanda með því að byggja upp BRICS samstarfið frá stofnun þess 2009, ekki síst með ákvörðun fyrir tveimur árum um að bæta sex nýjum ríkjum við upprunalega fimm ríkja hópinn. BRICS-ríkin telja nú um helming jarðarbúa og meira en fjórðung heimsviðskipta. Eins hefur þeim orðið nokkuð ágengt að efla samskipti og samstarf við lönd á suðurhveli jarðar, sem mörg hver setja spurningarmerki við leiðtogahlutverk Vesturlanda innan alþjóðastofnana, ekki síst Alþjóðabankans, G7 ríkjahópsins og Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Fjarri fer þó að þessi ríkjahópur sé einróma. Engu að síður hefur samstarf Kína og Rússlands annars vegar og BRICS ríkjanna hinsvegar orðið til þess að þau hafa þrautaleiðir ef viðskipti við Vesturlönd verða erfið, svo sem ef viðskiptaþvingunum er beitt gegn þeim. Þetta hefur m.a. sýnt sig í því að Rússum hefur tekist að snúa orkusölu sinni frá Evrópu til Asíu með góðum árangri eftir að viðskiptaþvinganir lokuðu fyrir slík viðskipti við Evrópu að mestu. Þannig hefur Rússland selt Kína og Indlandi olíu í miklu magni sem hefur gert þeim kleift að halda kostnaðarsömu stríði í Úkraínu áfram þrátt fyrir slægt gengi á vígvellinum. Eins hefur Evrópu reynst erfitt að hætta algerlega að kaupa olíu og gas frá Rússlandi bæði beint og í gegnum milliliði þrátt fyrir yfirlýstan vilja til þess,

... áreiðanlegar heimildir fyrir því að á kynningu fyrir evrópska diplómata ... hafi þeim verið sagt að ekki mætti styrkja Úkraínu um of hernaðarlega ...

sem vitanlega grefur undan trúverðugleika yfirlýsinga þeirra um einarðan stuðning við Úkraínu.

Veiking Vesturlanda

Samhliða þessari þróun hefur samvinna Vesturlanda veikt mjög. Rekja má bresti í samstarfinu allt aftur til forsetatíðar Barack Obama, sem boðaði strategíska áherslu-breytingu gagnvart Asíu í því skyni að einbeita sér að samkeppni við risandi Kína. Þeir brestir urðu áþreifanlegri í fyrstu forsetatíð Donald Trump, sem hefur haft horn í síðu NATO allt frá því að hann keypti auglýsingar í helstu miðlum vestanhafs þar sem hann gagnrýndi NATO-bandamenn

